

Arason, Þ. og H. Guðmundsson (2012), Norðurljósaspár Veðurstofunnar, *Haustþing Veðurfræðifélagsins*, Reykjavík, 11. október 2012.

Norðurljósaspár Veðurstofunnar

Þórður Arason og Hrafn Guðmundsson

Veðurstofu Íslands, Reykjavík

Mikil fjölgun er í komu erlendra ferðamanna til landsins sem langar til að sjá norðurljós, en auðveldasta aðgengi þeirra að norðurljósabeltinu er í Alaska, Norður-Skandinavíu og á Íslandi. Að ósk Iðnaðarráðuneytisins er Veðurstofan nú farin að birta norðurljósaspár. Spárnar byggja á að tvinna saman skýjahuluspár úr veðurlíkönunum, norðurljósatextaspár frá veðurfræðingi, upplýsingar um birtu, sólargang og tunglið, og svo geimveðurspá. Skýjahuluspákortin á Veðurstofuvefnum sýna nú skýjahuluna úr ECM 0.125 líkaninu sem nær sex daga fram í tímann. Geimveðurspáin er fengin frá NOAA sem gefur út 27 daga horfur einu sinni í viku, þriggja daga spá einu sinni á dag og 1-4 klst spár á 15 mín fresti byggðar á mælingum úr gervihnöttum staðsettum í jafnvægispunkti milli jarðar og sólar. Geimveðurspárnar má einnig nýta til að fylgjast með aðvifandi illviðrum í geimnum, sem gætu valdið tjóni á raforkuvirkjum og rafeindabúnaði. Norðurljósaspárnar eru hugsaðar bæði fyrir ferðapjónustuaðila og ferðamenn auk almennings. Þær eru birtar bæði á íslensku og ensku.